

Ár 1976, þriðjudaginn 11. maí, var í málínu nr. 3/1976
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Mál þetta er risið af álagningu fasteignaskatts til Sveitarsjóðs Holtshrepps á tilteknar fasteignir Rafveitu Siglufjarðar þar í hreppi. Með bréfi, dags. 2. mars 1976, kærði Rafveita Siglufjarðar til hreppsnefndar Holtshrepps álagningu fasteignaskatts 1975 og 1976 á mannvirki Skeiðfossvirkjunar eða nánar tiltekið verkstæðishús, mótorhús, geymslu, útihús, rafstöðvarhús, stíflu, háþrýstivatnspípu, vatnsmiðlunarskurð og útvirki, en öll þessi mannvirki eru skráð og metin í fasteignamati.

Kæru þessari var hafnað af hálfu hreppsnefndar Holtshrepps í bréfi frá 20. mars 1976.

Rafveita Siglufjarðar hefur skotið málínu til úrskurðar Yfirlasteignamatsnefndar með bréfi frá 26. apríl 1976. Er kæran á þeim sjónarmiðum reist, að samkvæmt lögum nr. 8/1972 um tekju-stofna sveitarfélaga, 3. gr. 1. mgr., skuli aðeins leggja fasteignaskatt á fasteignir, sem metnar séu fasteignamati. Samkvæmt 2. tl. 11. gr. laga nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu, séu rafveitur undanþegnar fasteignamati. Eigi þessi síðastgreindu ákvæði við öll þau fasteignamannvirki, sem nauðsynleg séu til starfrækslu rafveitu. Samkvæmt þessu, sé óheimilt að leggja fasteignaskatt á umrædd mannvirki.

Skyra ber ákvæði 2. tl. 11. gr. laga nr. 28/1963 svo, að með rafveitu, sé þar átt við mannvirki, sem eru hluti dreifikerfis raforku (að húsum þó undanskildum). Mannvirki þau, sem talin eru hér að framan, er ekki hluti dreifikerfis raforku, heldur hluti orkuversins sjálfs eða í tengslum við það. Nær umrædd undanþága í 2. tl. 11. gr. laga nr. 28/1963 því ekki til mannvirkja þessara. Samkvæmt því var heimilt að leggja fasteignaskatt á þessar eignir og verður kæran ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Framangreind kæra Rafveitu Siglufjarðar frá 26. apríl 1976 er ekki tekin til greina.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Magnús Thoroddsen